# Jeratún ehf.

Árshlutareikningur

# 1/1-30/6 2012

Jeratún ehf.
Grundargötu 30
350 Grundarfjörður
kt. 501203-2030

# Jeratún ehf.

## Árshlutareikningur

## 1/1-30/6 2012

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Yfirlit um breytingar á eigin fé | 7 |
| Skýringar | 8-17 |

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa í Jeratúni ehf.**

Við kannað meðfylgjandi árshlutareikning Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1/1-30/6 2012. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli könnunarinnar.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1/1-30/6 2012, efnahag þess 30. júní 2012 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

**Ábending**
Án þess að gera fyrirvara við ályktun okkar viljum við vekja athygli á skýringu númer 14 með árshlutareikningnum sem inniheldur viðeigandi lýsingu á óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt.

Grundarfirði, 29. ágúst 2012.

Deloitte ehf.

| | |
|---|---|
| Jón Rafn Ragnarsson | Sigurður Páll Hauksson |
| endurskoðandi | endurskoðandi |

# Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur Jeratúns er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Tap Jeratúns ehf. á tímabilinu 1/1-30/6 2012 nam kr. 10.807.574. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 456.769.018, eigið fé í lok tímabilsins er neikvætt um kr. 18.499.805 og er eiginfjárhlutfall félagsins neikvætt um 4,05%.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 4 eins og í upphafi árs. Hlutafé í Jeratúni ehf. er kr. 175.500.000 og skiptist þannig:

| | Nafnverð | Hlutdeild |
|---|---|---|
| Stykkishólmsbær | 47.386.590 | 27% |
| Grundarfjarðarbær | 49.139.393 | 28% |
| Snæfellsbær | 77.217.788 | 44% |
| Helgafellssveit | 1.756.229 | 1% |

Stjórn félagsins leggur til að tap tímabilsins verði flutt til næsta árs.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31.júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru kr. 57.490.930,- á ársgrundvelli með virðisaukaskatti og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Jeratúns ehf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok tímabilsins, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1/1-30/6 2012 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 29. ágúst 2012.

Í stjórn

Kristinn Jónasson
Stjórnarformaður

Gísli Ólafsson

Gyða Steinsdóttir

Sigurl. R. Sævarsd.
framkv. stjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu tímabilsins 1/1-30/6 2012

| | Skýr. | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 22.457.839 | 21.172.629 |
| Annar rekstrarkostnaður | | (3.134.982) | (2.957.810) |
| Afskriftir | 8 | (2.392.824) | (2.392.824) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 16.930.033 | 15.821.995 |
| Fjármunatekjur | 6 | 2.267 | 24.300 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (27.739.874) | (27.469.157) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | (10.807.574) | (11.622.862) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2012

| Eignir | Skýr. | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 442.700.547 | 445.093.371 |
| | | 442.700.547 | 445.093.371 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 0 | 18.407 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 13.688 | 45.044 |
| Handbært fé | 9 | 14.081.783 | 8.974.164 |
| | | 14.095.471 | 9.037.615 |
| **Eignir** | | 456.796.018 | 454.130.986 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 10 | | |
| Hlutafé | | 175.500.000 | 148.500.000 |
| Ójafnað tap | | (193.999.805) | (183.192.231) |
| Eigið fé | | (18.499.805) | (34.692.231) |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 11 | 425.033.373 | 437.761.339 |
| | | 425.033.373 | 437.761.339 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 12 | 297.811 | 57.822 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 42.367.452 | 40.930.728 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 12 | 7.597.187 | 10.073.328 |
| | | 50.262.450 | 51.061.878 |
| Skuldir | | 475.295.823 | 488.823.217 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 456.796.018 | 454.130.986 |

# Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1/1-30/6 2012

| | Skýr. | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 16.930.033 | 15.821.995 |
| Afskriftir | 8 | 2.392.824 | 2.392.824 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 19.322.857 | 18.214.819 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) | | 49.858 | (294.690) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 315.844 | 265.232 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 19.688.559 | 18.185.361 |
| Innborgaðir vextir | | 2.172 | 24.300 |
| Greiddir vextir | | (14.104.893) | (14.452.275) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 5.585.838 | 3.757.386 |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 11 | (27.478.219) | (25.909.237) |
| Innborgað hlutafé | 10 | 27.000.000 | 21.000.000 |
| | | (478.219) | (4.909.237) |
| Hækkun handbærs fjár | | 5.107.619 | (1.151.851) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 8.974.164 | 12.753.549 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 14.081.783 | 11.601.698 |

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutafé | Ójafnað tap | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 127.500.000 | (168.880.203) | (41.380.203) |
| Aukning hlutafjár | 21.000.000 | | 21.000.000 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | (11.622.862) | (11.622.862) |
| Eigið fé 30.6.2011 | 148.500.000 | (180.503.065) | (32.003.065) |
| | | | |
| Eigið fé 31.12.2011 | 148.500.000 | (183.192.232) | (34.692.232) |
| Aukning hlutafjár | 27.000.000 | | 27.000.000 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | (10.807.574) | (10.807.574) |
| Eigið fé 30.6.2012 | 175.500.000 | (193.999.806) | (18.499.806) |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnæðið að Grundargötu 44.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

### 2.1 Staðlar og túlkanir sem taka gildi á reikningstímabilinu

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

**Endurbættir staðlar**

IAS 1 (endurbættur 2010) - *Framsetning reikningsskila*. Endurbætur á IAS 1 heimila félögum að sundurgreina breytingar á annarri heildarafkomu annað hvort í yfirliti um eigið fé eða í skýringum.

IAS 24 (endurbættur 2009) - *Upplýsingar um tengda aðila*. Með endurbótum á IAS 24 er skilgreining á tengdum aðilum einfölduð og opinberum aðilum veittar undanþágur að hluta frá kröfum um upplýsingar í skýringum um tengda aðila.

IFRS 3 (endurbættur 2010) - *Sameining félaga*. Með endurbótum á IFRS 3 eru valmöguleikar um mat á hlutdeild minnihluta á kaupdegi aðeins heimilir fyrir þá hlutdeild sem til staðar er á kaupdegi og veitir eiganda hennar rétt á hlutdeild í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins ef til gjaldþrots kemur. Allar aðrar tegundir hlutdeildar minnihluta eru metnar á gangvirði á kaupdegi, nema staðlarnir geri kröfur um annars konar mat. Jafnframt voru gerðar endurbætur á IFRS 3 til að veita frekari leiðbeiningar í tengslum við reikningshaldslega meðferð á kaupréttum starfsmanna í keypta félaginu.

### 2.2 Minniháttar endurbætur á stöðlum og túlkunum

IAS 32 - *Fjármálagerningar: Framsetning*. Með endurbótunum er farið fram á flokkun ákveðinna réttinda sem gefin eru út í erlendum gjaldmiðli annað hvort sem eiginfjárgerning eða fjárskuld. Samkvæmt endurbótunum skulu þau réttindi, sem gefin eru út af félaginu og veitir handhöfum rétt til að kaupa ákveðinn fjölda eiginfjárgerninga fyrir ákveðna fjárhæð í erlendum gjaldmiðli, vera flokkuð sem eiginfjárgerningur í reikningsskilum útgefanda að því gefnu að réttindin séu gefin út hlutfallslega til allra hluthafa í sama flokki. Áður en endurbæturnar voru gerðar voru slík réttindi flokkuð sem afleiða. Endurbótunum skal beitt afturvirkt.

IFRS 2 – *Eignahlutatengd greiðsla* – eignahlutatengdar greiðslur gerðar upp með handbæru fé innan samstæðu. Endurbæturnar skýra betur umfang staðalsins og veita frekari leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð í aðgreindum reikningsskilum á eignarhlutatengdum greiðslum sem gerðar eru upp með handbæru fé innan samstæðu.

IFRIC 14 - *Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lámarksframlag* – IFRIC 14 tekur á því hvenær skilyrði um endurgreiðslur eða lækkun á framtíðar framlagi eru uppfyllt í samræmi við IAS 19.58.

IAS 39 – *Fjármálagerningar, skráning og mat* – heimilaðar áhættuvarnir. Endurbæturnar veita nánari skýringar á tveimur sjónarmiðum sem lúta að áhættuvörnum; að skilgreina verðbólgu sem áhættuvarðan lið eða hluta af henni og áhættuvörn með valréttum.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum (framhald)

IFRIC 19 - *Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga.* Túlkunin veitir leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð á eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga. Samkvæmt túlkuninni skulu eiginfjárgerningar sem gefnir eru út vegna eftirgjafar fjárskulda metnir á gangvirði og mismunur á bókfærðu verði fjárskuldarinnar og gangvirði eiginfjárgerningsins færður í rekstrarreikning.

### 2.3 Nýir og endurbættir staðlar sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi

Félagið hefur ekki innleitt eftirfarandi nýja og endurbætta staðla sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi:

IFRS 9 - *Fjármálagerningar* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar]
IFRS 10 - *Samstæðureikningsskil* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IFRS 11 - *Sameiginleg verkefni* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IFRS 12 - *Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IFRS 13 - *Mat á gangvirði* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningsskila* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. júlí 2012 eða síðar]
IAS 12 (endurbættur) - *Tekjuskattur* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar]
IAS 19 (endurbættur) - *Starfskjör* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IAS 27 (endurbættur) - *Aðgreind reikningsskil* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IAS 28 (endurbættur) - *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]

Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### 3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

### 3.2 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### 3.3 Tekjur

*Leigutekjur*

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Einu rekstrartekjur félagsins eru leigutekjur.

### 3.4 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### 3.5 Tekjuskattur

*Frestaður tekjuskattur*

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### 3.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

### 3.7 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á varanlega rekstrarfjármuni sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Stjórnendur líta á félagið sem einn starfsþátt.

**Tekjuskipting eftir viðskiptavinum:**

Félagið hefur tekjur af leigu fasteignar og koma tekjurnar frá fimm aðilum.

| | 1/1-30/6 2012 | | 1/1-30/6 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 13.474.703 | 60,00% | 12.703.578 | 60,00% |
| Grundarfjarðarbær | 2.515.278 | 11,20% | 2.371.334 | 11,20% |
| Helgafellssveit | 89.831 | 0,40% | 84.690 | 0,40% |
| Snæfellsbær | 3.952.580 | 17,60% | 3.726.383 | 17,60% |
| Stykkishólmsbær | 2.425.447 | 10,80% | 2.286.644 | 10,80% |
| | 22.457.839 | 100,00% | 21.172.629 | 100,00% |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| **Fjármunatekjur:** | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 |
|---|---|---|
| Aðrar vaxtatekjur | 2.267 | 24.300 |
| **Fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (27.728.072) | (27.417.135) |
| Önnur vaxtagjöld | (11.802) | (52.022) |
| | (27.739.874) | (27.469.157) |

## 7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2013, vegna tímabilsins 1/1-30/6 2012, þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### Kostnaðarverð

| | Fasteignir |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2011 | 478.564.783 |
| Staða 31. desember 2011 | 478.564.783 |
| Staða 1. janúar 2012 | 478.564.783 |
| Staða 30. júní 2012 | 478.564.783 |

### Afskriftir

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2011 | 28.685.763 |
| Afskrift ársins | 4.785.649 |
| Staða 31. desember 2011 | 33.471.412 |
| Staða 1. janúar 2012 | 33.471.412 |
| Afskrift tímabilsins | 2.392.824 |
| Staða 30. júní 2012 | 35.864.236 |

### Bókfært verð

| | |
|---|---|
| Bókfært verð 31. desember 2011 | 445.093.371 |
| Bókfært verð 30. júní 2012 | 442.700.547 |

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir | 180.350.000 | 691.800.000 |

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í lok tímabilsins nemur bókfært verð veðsettra eigna 442 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 467 milljónum króna.

## 9. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 0 | 18.407 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 13.688 | 13.593 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

| | | |
|---|---|---|
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 14.081.783 | 8.974.164 |

## 10. Hlutafé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé 1.1.2011 | 127.500.000 | 100,0% | 127.500.000 |
| Hlutafjáraukning á árinu 2011 | 21.000.000 | | 21.000.000 |
| Heildarhlutafé 1.1.2012 | 148.500.000 | 100,0% | 148.500.000 |
| Hlutafjáraukning á árinu 2012 | 27.000.000 | | 27.000.000 |
| Heildarhlutafé 30.6.2012 | 175.500.000 | 100,0% | 175.500.000 |

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 11. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
| Skuldir í ISK | 467.400.825 | 478.692.067 |
| | 467.400.825 | 478.692.067 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (42.367.452) | (40.930.728) |
| Langtímaskuldir í árslok | 425.033.373 | 437.761.339 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 42.367.452 | 40.930.728 |
| Afborganir 2013/2014 | 42.367.452 | 40.930.728 |
| Afborganir 2014/2015 | 42.367.452 | 40.930.728 |
| Afborganir 2015/2016 | 42.367.452 | 40.930.728 |
| Afborganir 2016/2017 | 42.367.452 | 40.930.728 |
| Afborganir síðar | 255.563.565 | 274.038.427 |
| | 467.400.825 | 478.692.067 |

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 297.811 | 57.822 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 42.367.452 | 40.930.728 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 1.945.953 | 1.870.098 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 5.651.234 | 8.203.230 |
| | 7.597.187 | 10.073.328 |

## 13. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

### 13.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

| **Fjáreignir** | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Handbært fé | 14.081.783 | 8.974.164 |
| Lán og kröfur | 13.688 | 45.044 |
| **Fjárskuldir** | | |
| Fjárskuldir | 475.295.823 | 488.823.217 |

### 13.2 Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru útlánaáhætta og lausafjáráhætta.

### 13.3 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

| **Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:** | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 0 | 18.407 |
| Aðrar kröfur | 13.688 | 45.044 |
| Handbært fé | 14.081.783 | 8.974.164 |
| | 14.095.471 | 9.037.615 |

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

### 13.4 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð.

| Skuldir 30.6.2012 | Innan eins árs | 2014 | 2015+ | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Óvaxtaberandi | 7.894.998 | 0 | 0 | 7.894.998 |
| Með föstum vöxtum | 42.367.452 | 42.367.452 | 382.665.921 | 467.400.825 |
| | 50.262.450 | 42.367.452 | 382.665.921 | 475.295.823 |
| **Eignir 30.6.2012** | | | | |
| Óvaxtaberandi | 13.688 | 0 | 0 | 13.688 |
| Með fljótandi vöxtum | 14.081.783 | 0 | 0 | 14.081.783 |
| | 14.095.471 | 0 | 0 | 14.095.471 |
| **Hrein staða 30.6.2012** | (36.166.979) | (42.367.452) | (382.665.921) | (461.200.352) |

| Skuldir 31.12.2011 | Innan eins árs | 2013 | 2014+ | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Óvaxtaberandi | 10.131.150 | 0 | 0 | 10.131.150 |
| Með föstum vöxtum | 40.930.728 | 40.930.728 | 396.830.611 | 478.692.067 |
| | 51.061.878 | 40.930.728 | 396.830.611 | 488.823.217 |
| **Eignir 31.12.2011** | | | | |
| Óvaxtaberandi | 45.044 | 0 | 0 | 45.044 |
| Með föstum vöxtum | 8.974.164 | 0 | 0 | 8.974.164 |
| | 9.019.208 | 0 | 0 | 9.019.208 |
| **Hrein staða 31.12.2011** | (42.042.670) | (40.930.728) | (396.830.611) | (479.804.009) |

## 14. Rekstrarhæfi

Tap félagsins á tímabilinu 1/1 - 30/6 2012 var um 10,8 millj.kr. og er eigið fé félagsins neikvætt um rúmar 18,5 milljónir króna í lok tímabilsins, þrátt fyrir 27 milljón króna hlutafjáraukningu. Sökum bágrar fjárhagsstöðu félagsins er ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins byggir á því að unnt sé annað hvort að bæta rekstrarafkomu eða að eigendur félagsins leggi fram viðbótarhlutafé. Leigutekjur Jeratúns, sem greiddar eru af ríki og þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri Jeratúns standa ekki undir skuldbindingum Jeratúns ehf. en í árshlutareikningi félagsins er skráning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðuð við áframhaldandi starfsemi. Af þessum ástæðum er óvissa um rekstrarhæfi félagsins, nema að unnt sé að afla eigin fjár.

## 15. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 | 1/1-30/6 2010 |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 19.322.857 | 18.214.819 | 17.856.248 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 0,86 | 0,86 | 0,89 |
| b) Hagnaðarhlutfall | (0,48) | (0,55) | (0,12) |

a) EBITDA/rekstrartekjur    b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur

| Úr efnahagsreikningi | 30.06.2012 | 30.06.2011 | 1/1-30/6 2010 |
|---|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | | |
| c) Veltuhraði eigna | 0,05 | 0,05 | 0,09 |
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| d) Lausafjárhlutfall | 0,28 | 0,25 | 0,26 |
| e) Veltufjárhlutfall | 0,28 | 0,25 | 0,26 |

d) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir    e) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| f) Eiginfjárhlutfall | -4,05% | -6,97% | -8,94% |
| g) Innra virði hlutafjár | (0,11) | (0,22) | (0,32) |

f) Eigið fé/heildarfjármagn    g) Eigið fé/hlutafé

| Úr sjóðstreymi ársins | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 | 1/1-30/6 2010 |
|---|---|---|---|
| h) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,01 | 0,01 | 0,01 |
| i) Gæði sölunnar | 1,01 | 0,99 | 1,00 |
| j) Gæði afkomu | (0,52) | (0,32) | (0,21) |
| k) Gæði rekstrarhagnaðar | 0,33 | 0,24 | (0,13) |

h) Handbært fé frá rekstri/skuldir    j) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
i) Innborgaðar tekjur/bókfærðar tekjur    k) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður

| Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur | 13,96% | 13,97% | -0,01% |
| Afskriftir/rekstrartekjur | 10,65% | 11,30% | -0,65% |
| **Rekstrargjöld/rekstrartekjur** | 24,61% | 25,27% | -0,66% |

# Skýringar

## 16. Sjóðstreymisyfirlit

| | 1/1-30/6 2012 | 1/1-30/6 2011 | 1/1-30/6 2010 | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tap ársins | (10.807.574) | (11.622.862) | (9.875.170) | (17.031.401) | (40.285.343) |
| Afskriftir | 2.392.824 | 2.392.824 | 2.392.824 | 2.392.824 | 2.376.317 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 16.186.977 | 15.610.124 | 12.868.481 | 18.223.617 | 35.380.879 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 7.772.227 | 6.380.086 | 5.386.135 | 3.585.040 | (2.528.147) |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 49.763 | (294.690) | (28) | (4.314) | 4.178.521 |
| Rekstrartengdum skuldum | (2.236.152) | (2.328.010) | (3.346.155) | (2.919.496) | (5.594.423) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 5.585.838 | 3.757.386 | 2.039.952 | 661.230 | (3.944.049) |

## 17. Samþykkt árshlutareiknings

Ársrhlutaeikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 29. ágúst 2012.